

32. Siglt til framandi strandar

Hverju viltu fleygja fyrir borð?

Málefni	Almenn mannréttindi
Þyngdarstig	Stig 1
Aldur	8–13 ára
Tími	45 mínútur
Hófstærð	8–20 börn
Tegund verkefnis	Börnin ímynda sér að þau séu að sigla til framandi heimsálfu, til að komast þangað verða þau að fleygja óþarfahlutum fyrir borð
Yfirlit	Forgangsröðun, umræður
Markmið	• Að meta hver eru frumskilyrði þess að komast lífs af og þroskast • Að greina langanir frá þörfum • Að tengja mannlegar þarfir mannréttindum
Undirbúningur	• Ljósritaðu og klipptu út eitt sett af spjöldum sem sýna langanir og þarfir fyrir hvern hóp; settu þau í umslög
Efniviður	• Umslög • Ljósrit af spjöldum sem sýna langanir og þarfir • Lím eða límband og pappírsarkir



Leiðbeiningar

1. Segðu börnunum að ímynda sér að þau séu að fara að sigla til framandi heimsálfu. Þar býr ekkert fólk, svo að þegar þau komast á leiðarenda verða þau frumbyggjar í nýju landi.
2. Skiptu börnunum í litla hópa og láttu hvern hóp fá umslög með langana- og þarfaspjöldum í, útskýrðu fyrir þeim að þetta sé farangurinn sem þau eigi að taka með sér til nýju heimkynna. Segðu hverjum hóp að opna umslagið sitt, dreifa úr spjöldunum og skoða þau.

Tilbrigði: Bættu við nokkrum auðum spjöldum og gefðu börnunum möguleika á að bæta við einhverju sem þau halda að þau gætu haft þörf fyrir eða langar til að hafa með.

3. Útskýrðu fyrir þeim að verið sé að draga upp seglin og segðu þeim sögu sem hefst á þessa leið:
Ferðin gengur vel fyrst um sinn. Sólin skín og hafið er lygnt. En skyndilega skellur á stormur og skipið fer að rugga. Það er í rauninni að sökva! Þið verðið að fleygja þremur kortum úthyrðis til að halda skipinu á floti.

Hver hópur verður að ákveða hverju hann vill fórna. Segðu þeim að þau muni ekki geta endurheimt þessa hluti. Settu spjöldin sem var „fleygt fyrir borð“ í einn bunka.

4. Haltu frásögninni áfram:

Loks lægir storminn. Öllum er létt. En brátt berast þær fréttir af veðri að fellibylur sem sé að ná 5. stigi stefni beint á skipið. Ef þið ætlið að lifa það af verðið þið að fleygja þremur kortum í viðbót fyrir borð. Munið: Ekki fleygja neinu fyrir borð sem þið verðið að hafa til að komast lífs af í nýja landinu.

Byggt á verkefninu „Wants and Needs“, unnið af Centre for Global Education, York St John University, útg.: *Our World Our Rights*, Amnesty International, London, 1995. Origin: Pam Pointon, Homerton College, Cambridge.



Safnaðu þessum spjöldum líka saman og settu þau í annan bunka.

5. Haltu frásögninni áfram:

*Þarna skall hurð nærri hælum. En þrátt fyrir allt nálgumst við nýju álfuna óðfluga. Það er spenn-
ingur í hópnum. En rétt þegar glittir í land við sjóndeildarhringinn rekst risastór hvalur á skipið
og gerir gat á hlið þess. Enn verður að létta skipið. Fleygið þremur spjöldum í viðbót fyrir borð.*

Taktu spjöldin og settu í bunka.

6. Tilkynntu nú börnunum að þau séu loks komin heilu og höldnu til nýja landsins og geti farið að koma sér fyrir þar. Segðu þeim að hver hópur eigi að líma spjöldin sem eftir eru á blað svo að allir geti munað hvað kom með til nýju heimkynnanna. Eruð þið með allt sem þarf til að komast lífs af? Til að vaxa og dafna?
7. Segðu börnunum í hverjum hópi að hengja blaðið sitt upp fremst í stofunni og sýna hinum hvað þau eru með í farteskinu. Að hverri kynningu lokinni skaltu spyrja allan hópinn: „Vantar eitthvað hér til að komast lífs af? Til að vaxa og dafna?“

Samantekt og mat

1. Farðu yfir verkefnið með spurningum á borð við eftirfarandi:
 - a. Að hvaða leyti fannst ykkur þetta verkefni skemmtilegt?
 - b. Hvernig fóruð þið að því að finna út hvers þið gátuð verið án? Hvað var nauðsynlegt?
 - c. Var erfitt að taka einhverjar ákvarðanir? Hvaða?
 - d. Var eitthvert ósamkomulag innan hópanna um hverju ætti að halda og hverju ætti að fleygja fyrir borð? Hvernig leystuð þið málið?
 - e. Er allt fólk með sömu þarfirnar? Hverjir kunna að vera með annars konar þarfir?
 - f. Hvað finnst ykkur um lokaval ykkar? Munuð þið komast lífs af í nýja landinu? Munuð þið geta vaxið og dafnað?
 - g. Hvernig tók hópurinn ykkar ákvörðun um hverju ætti að fleygja?
 - h. Kom lokaniðurstaðan ykkur á óvart?
 - i. Mynduð þið fleygja burtu einhverju öðru ef þið yrðuð að vinna þetta verkefni aftur?
2. Leggðu áherslu á að mannréttindi byggist á mannlegum þörfum: því sem allar manneskjur þurfa til að komast lífs af, vaxa og dafna og lifa með reisn. Leggðu fyrir börnin spurningar á borð við:
 - a. Höfðuð þið það sem til þurfti til að komast lífs af?
 - b. Höfðuð þið það sem til þurfti til að vaxa og dafna?
 - c. Hvaða hluti vilduð þið hafa en ákváðuð að þið kæmust af án?
3. Undirstrikaðu að hver og einn þurfi á öllum mannréttindum sínum að halda. Sum þeirra eru nauðsynleg til að geta lifað, svo sem matur, læknishjálp, hreint vatn og þak yfir höfuðið. En önnur eru ómissandi til að fólk geti lifað góðu lífi og þroskast. Það er engum nóg að halda einungis lífi. Spyrðu:
 - a. Hvaða spjöld sýna hluti sem ykkur kann að langa í en þurfið ekki nauðsynlega að hafa til að geta lifað af?
 - b. Hvaða spjöld sýna það sem við þurfum að hafa til að geta haldið lífi?
 - c. Hvaða spjöld sýna það sem við kunnum að þarfnast til að vaxa og dafna?
 - d. Hvað myndi gerast í þessu nýja landi ef þið væruð ekki með _____? (Nefnið nokkur dæmi af spjöldunum.)



Tillögur um framhald

- Upplagt er að vinna þetta verkefni í kjölfar „Réttinda kanínunnar“, bls. 165, þar sem fjallað er um mannlegar þarfir sem grundvöll mannréttinda.
- Meðal verkefna sem taka má fyrir næst er „Stjórnarskráin okkar“, bls. 175, en þar er fjallað um hvernig börnin geta sett sér lýðræðislegar reglur.

Ábendingar til kennara/leiðbeinanda


- Mikilvægt er að börnin dragi ekki þá ályktun af þessu verkefni að sum mannréttindi skipti ekki eins miklu máli og önnur og því megi sleppa þeim. Leggðu áherslu á það í samantektinni að réttindin eru háð innbyrðis.
- Ítrekaðu að það sem þau fleygja sé ekki hægt að endurheimta, og einnig að það sem þau geyma sé nauðsynlegt til að geta byggt upp nýtt land en ekki aðeins til að komast lífs af þar til þeim verði „bjargað“.
- Sumir hlutir eru vísitandi hafðir tvíræðir til að hvetja til umræðna um hvað sé mikilvægt atriði (t.d. líta kannski sumir á farsíma sem lúxus/munað en aðrir sem nauðsynlegt samskiptatæki).
- Yngstu börnin eiga ef til vill erfitt með að greina á milli langana sinna og þarfa. Hjálpaðu þeim með því að ítreka hvað þau þurfi til að komast lífs af í nýju landi.

Tilbrigði


Berðu saman spjöldin sem „fleygt var fyrir borð“ í hvert sinn sem hættuástand skapaðist. Spyrðu börnin hvaða mun þau sjái á vali fólks.




EFNI TIL DREIFINGAR: SPJÖLD SEM SÝNA LANGANIR OG ÞARFIR




tækifæri til að deila skoðunum



peningar sem má eyða að vild



hreint vatn



eigið svefnherbergi




tölva og netaðgengi




sanngjörn meðferð
og að vera ekki mismunað




EFNI TIL DREIFINGAR: SPJÖLD SEM SÝNA LANGANIR OG ÞARFIR




hreint umhverfi




farsími



kók og hamborgari



tóm til að hvíla sig og leika sér



sjónvarp og dagblað



möguleikar á að iðka trú sína



EFNI TIL DREIFINGAR: SPJÖLD SEM SÝNA LANGANIR OG ÞARFIR




notalegt heimili



tískufatnaður



frí á sólarströnd



næringarríkur matur



vernd gegn ofbeldi



menntun




EFNI TIL DREIFINGAR: SPJÖLD SEM SÝNA LANGANIR OG ÞARFIR




læknar




reiðhjól



sælgæti



skartgripir



mp3-spilari eða tónlistarspilari




hlý föt




EFNI TIL DREIFINGAR: SPJÖLD SEM SÝNA LANGANIR OG ÞARFIR



foreldrar



leikföng og spil



læknislyf og bólusetning gegn sjúkdómum



lýðræðislegar kosningar og reglur



úr



möguleikar á að rækta
eigin menningu og tungumál